

Ed.

574. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til umferðarlaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp til umferðarlaga var lagt fram á þessu þingi eftir endurskoðun þingmanna- nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði með bréfi dags. 12. maí 1986. Allir nefndarmenn eiga sæti í allsherjarnefnd efri deildar. Nefndin skilaði af sér með bréfi til ráðuneytisins þann 6. október 1986 og hafði þá farið yfir allar þær umsagnir, sem fyrir lágu, um það frumvarp til umferðarlaga sem til meðferðar var á 108. löggjafarþingi og var þá ekki útrætt. Vísast til athugasemda með frumvarpinu um þær umsagnir. Einnig ræddi nefndin við Arinbjörn Kol- beinsson lækni.

Nefndin hefur nú rætt frumvarpið á sjö fundum. Þar af voru tveir sameiginlegir fundir með samgöngunefnd neðri deildar. M.a. hefur hún kallað til viðræðu fulltrúa Vinnueftirlits ríkisins og fulltrúa Sambands íslenskra tryggingarfélaganna og Tryggingaæftirlitsins. Auk þess hefur Ólafur Walter Stefánsson unnið með nefndinni og veitt henni ráðgjöf og leiðbeiningar. Við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið á síðasta þingi voru kallaðir til fulltrúar ökukennara.

Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið voru nokkur atriði ekki útrædd hjá þingmannanefndinni sem undirbjó endurskoðaða útgáfu þess. Voru þetta m.a. atriði sem varða ökuhraða, aldur til að stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli og vélsleða, ákvæði um skipan Umferðarráðs o.fl. Nefndin hefur nú í heild rætt þessi atriði og orðið sammála um breytingartillögu þar sem gert er ráð fyrir hækkan hámarkshraða. Einnig ræddi nefndin ákvæði um aldur hjólreiðamanna, og við nánari athugun og samanburð við reglur nágrannaþjóða hefur hún orðið sammála um að lækka aldursmörkin til samræmis við það sem gert var ráð fyrir í fyrra frumvarpi.

Auk þess hefur nefndin orðið sammála um ýmsar lagfæringar á orðalagi sem kveður skýrar á um tilgang lagagreinanna. Breytingartillögur nefndarinnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún flytur, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum sem kunna að koma fram milli annarrar og þriðju umræðu málsins.

Alþingi, 4. febr. 1987.

Jón Kristjánsson,
form., frsm.

Stefán Benediktsson,
fundaskr.

Salome Þorkeldsdóttir.

Eyjólfur Konráð Jónsson.

Valdimar Indriðason.

Eiður Guðnason.

Helgi Seljan.